

AUGLÝSING

um deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag þriggja svæða fyrir sumarbústað í landi Tjarnar, í landi Hrauntúns og í Miðhúsaskógi í Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreind deiliskipulög öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 20. október 1998.

Ragnar Sær Ragnarsson, sveitarstjóri Biskupstungnahrepps.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Brandshúsahverfis, Gaulverjabæjarhreppi.

Sveitarstjórn Gaulverjabæjarhrepps hefur þann 9. nóvember 1996 samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar í Brandshúsahverfi, Gaulverjabæjarhreppi.

Deiliskipulagið er birt samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og öðlast þegar gildi.

Gaulverjabæjarhreppi, 12. október 1998.

F. h. sveitarstjórnar,

Geir Ágústsson oddviti.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001, Lagarfell 4.

Að ósk sveitarstjórnar Fellahrepps hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001 frá 8. febrúar 1982, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, að því er tekur til Lagarfells 4.

Breytingin er að hluti verslunarsvæðis verður svæði fyrir blandaða starfsemi verslunar og iðnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skiplags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfisráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.